

**Fréttatilkynning til Kauphallar Íslands:**

## Árshlutareikningur RARIK fyrstu sex mánuði ársins 2021

*Hagnaður af starfsemi RARIK var 803 milljónir króna á fyrri helmingi ársins.*

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á fyrri hluta ársins 2021 var 1.107 milljónir króna en var 1.039 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2020. Rekstrartekjur og rekstrargjöld með afskriftum breyttust óverulega á milli ára sem er í samræmi við áætlanir.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 687 milljónir króna á tímabilinu, samanborið við að þeir voru neikvæðir um 1.014 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2020. Breyting skýrist að stærstum hluta af styrkingu krónunnar.

Áhrif hlutdeildarfélagssins Landsnets hf. voru jákvæð um 467 milljónir króna, samanborið við 404 milljónir króna á fyrri hluta síðasta árs.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður tímabilsins 803 milljónir króna samanborið við 424 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2020.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 2.453 milljónir króna eða 30% af veltu tímabilsins, samanborið við 28% af veltu á sama tímabili árið áður. Hreint veltufé frá rekstri, fyrir vexti og skatta, var 2.381 milljón króna samanborið við 2.195 milljónir króna á sama tímabili árið 2020.

Eignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2021 voru 77.919 milljónir króna en skuldir 28.043 milljónir króna. Eigið fé var því 49.876 milljónir króna og eiginfjárhlutfall 64% en hlutfallið var 63% í ársbyrjun.

Fjárfestingar á árinu 2021 eru áætlaðar um 6 milljarðar króna en fjárfestingar fyrstu sex mánuði ársins námu 1,5 milljarði kr.

Horfur í rekstri RARIK á árinu 2021 eru ágætar. Áhrif Kórónaveirunnar á rekstur RARIK hafa ekki verið veruleg og tekist hefur að halda rekstri og fjárfestingum að mestu skv. áætlunum. Allar aðgerðir miðast við að tryggja áfram öryggi í rekstri eins og mögulegt er, en ef áframhald verður á faraldrinum og áhrifin á efnahagslífið í landinu verða meiri, má búast við að það geti haft áhrif á rekstur RARIK.

Gert er ráð fyrir að afkoma fyrir fjármagnsliði á seinni hluta ársins verði jákvæð í samræmi við áætlanir.

Árshlutareikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum.

Helstu stærðir samstæðureiknings eru sýndar á meðfylgjandi mynd.

**Helstu stærðir samstæðureiknings RARIK, fjárhæðir eru í milljónum króna.**

	Jan-jún <b>2021</b>	Jan-jún <b>2020</b>	Jan-jún <b>2019</b>	Jan-jún <b>2018</b>	Jan-jún <b>2017</b>	Jan-jún <b>2016</b>
Rekstartekjur	8.207	8.170	8.365	8.354	7.182	7.399
Rekstrargjöld	7.100	7.131	6.749	6.643	6.115	5.757
Rekstrarhagnaður	1.107	1.039	1.616	1.711	1.067	1.642
Hrein fjármagnsgjöld	<b>-687</b>	<b>-1.014</b>	<b>-735</b>	<b>-447</b>	<b>-252</b>	<b>-446</b>
Áhrif hlutdeildarfélags	467	404	538	373	257	<b>-75</b>
Hagnaður fyrir skatta	887	429	1.419	1.637	1.072	1.121
Tekjuskattur	<b>-84</b>	<b>-5</b>	<b>-176</b>	<b>-253</b>	<b>-163</b>	<b>-239</b>
Hagnaður	803	424	1.243	1.384	909	882
Eignir samtals	77.919	69.450	67.530	63.939	57.010	60.946
Eigið fé	49.876	45.894	42.732	38.961	36.077	35.661
Skuldir	28.043	23.556	24.798	24.978	20.933	25.285
Handbært fé frá rekstri	1.020	1.423	1.790	1.559	1.627	1.744
Greidd vaxtagjöld	369	346	366	301	317	315
EBITDA	2.453	2.256	2.715	2.659	1.975	2.500
Vaxtaþekja	6,65	6,52	7,42	8,83	6,23	7,94
Eiginfjárlutfall	64,0%	66,1%	63,3%	60,9%	63,3%	58,5%
EBITDA/Velta	29,9%	27,6%	32,5%	31,8%	27,5%	33,8%

Árshlutareikningur RARIK fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 var samþykktur á fundi stjórnar þann 31. ágúst 2021.

Nánari upplýsingar veitir Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK í síma 528 9000.